



SUÐURNESJABÆR

## Reglur vegna kjörs á íþróttamanni ársins í Suðurnesjabæ

### 1. grein

Val á íþróttamanni ársins skal kynnt á hátíðarsamkomu sem haldin skal fyrir 30. janúar ár hvert.

### 2. grein

Íþróttamaður ársins verður að vera í íþróttafélagi innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og vera búsettur í Suðurnesjabæ eða keppir fyrir hönd íþróttafélags í sveitarfélaginu.

### 3. grein

Íþróttá- og tómstundaráð Suðurnesjabæjar skal sjá um að velja íþróttamann ársins hverju sinni úr hópi tilnefndra aðila.

### 4. grein

Íþróttafélög í Suðurnesjabæ tilnefna íþróttamenn til kjörsins, einn fyrir hverja íþróttagrein sem hjá þeim er stunduð. Íbúum Suðurnesjabæjar gefst einnig kostur á að tilnefna íþróttamenn. Íþróttá- og tómstundaráð hefur heimild til að tilnefna til kjörsins íþróttamenn búsetta í Suðurnesjabæ sem stunda íþrótt sína með félagi utan bæjarmarkanna en þó einungis einn í hverri íþróttagrein. Allar tillögur skulu rökstuddar. Tilnefndir íþróttamenn skulu hafa náð 15 ára aldri á keppnisárinu.

### 5. grein

Íþróttamaður ársins í Suðurnesjabæ hlýtur við útnefningu farandbikar til eins árs og bikar til eignar. Allir tilnefndir íþróttamenn hljóta sérstaka viðurkenningu.

### 6. grein

Íþróttá- og tómstundaráð velur auk þess aðila til að veita viðurkenningu fyrir óeigingjart starf í þágu íþróttá- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu. Óskað skal vera eftir tilnefningum. Viðurkenningin skal veitt á hátíðarsamkomu þar sem íþróttamaður ársins er heiðraður.

### 7. grein

#### **Framkvæmd hátíðarsamkomu:**

Æskilegast er að sem flestir bæjarbúar eigi kost á því að fylgjast með kjöri á íþróttamanni Suðurnesjabæjar. Hátíðarsamkoman þar sem verðlaunin eru veitt skal vera opin og auglýst.

Boðsbréf skulu send út til þeirra íþróttamanna sem eru tilnefndir.

### 8. grein

Reglugerð þessi fellir úr gildi allar fyrri reglugerðir og bókanir um kjör á íþróttamanni ársins í Sandgerði. Reglugerð þessa má endurskoða fyrir 30. nóvember ár hvert og taka breytingar þá gildi á næsta ári þar á eftir.

**Samþykkt á 6. fundi Íþróttá og tómstundaráðs, 23.10.2019**  
**Samþykkt á 18. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar, 6.11.2019**